Reykjavík, 1. desember 2023

Efni: Nýr rekstraraðili sjóðsins Glymur – Lausafjársjóður hs.

Kæri sjóðsfélagi,

Það tilkynnist hér með að frá og með 5. desember nk. verður SIV eignastýring hf. („SIV“) nýr rekstraraðili sjóðsins Glymur – Lausafjársjóður. Breyting á rekstraraðila sjóðsins er til komin vegna breytts eignarhalds á Glymi hf. („Glymur“) en félagið er hluti af samstæðu Fossa fjárfestingarbanka hf. sem nýverið var keypt af Vátrygggingafélagi Íslands hf.

SIV hefur starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða í skilningi laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og hefur á að skipa starfsfólki með yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af fjármálamörkuðum. Breyting á rekstraraðila mun ekki raska rekstri sjóðsins, hafa áhrif á innlausnarrétt hlutdeildarskírteinahafa eða fjárfestingarheimildir. Samhliða breytingu á rekstraraðila mun nafn sjóðsins breytast og verða **SIV Lausafjársjóður hs**. Sjóðstjóri sjóðsins, Guðrún Una Valsdóttir, mun áfram stýra sjóðnum sem starfsmaður SIV.

Ef frekari upplýsinga er óskað er velkomið að hafa samband við Arnór Gunnarsson, framkvæmdastjóra SIV eignastýringar hf., s. 660-5104, arnor@siveignastyring.is eða Sveinbjörn Sveinbjörnsson framkvæmdastjóra eignastýringar Fossa, s. 897-4462, sveinbjorn.sveinbjornsson@fossar.is.

Nánari upplýsingar um SIV er að finna á heimasíðu félagsins www.siveignastyring.is

Virðingarfyllst,

Guðrún Una Valsdóttir,
Sjóðsstjóri Glyms – Lausafjársjóðs

Guðmundur Björnsson,
Framkvæmdastjóri Glyms hf.